

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 81/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1933 frá 6. nóvember 2019 um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4ap (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2119) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„4aq. **32019 R 1933**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1933 frá 6. nóvember 2019 um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 309, 29.11.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1933, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 29.11.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING